

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda leikskólakennara á leikskólum Reykjavíkur, launakostnað og meðalaldur leikskólakennara

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. október 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu margir leikskólakennarar starfa á leikskólum Reykjavíkur. Óskað er eftir þessum upplýsingum frá árunum 2017, 2018 og 2019. Hver væri heildar launakostnaður Reykjavíkurborgar ef leikskólarnir væru mannaðir líkt og lög kveða á um að 2/3 starfsmanna væru leikskólakennarar. Hver er meðalaldur leikskólakennara hjá leikskólum Reykjavíkurborgar?

Svar:

Árið 2017 voru leikskólakennarar starfandi í 324,2 stöðugildum í leikskólum Reykjavíkur af 1433 stöðugildum. Árið 2018 voru leikskólakennarar starfandi í 307,2 stöðugildum í leikskólum Reykjavíkur af 1448,9 stöðugildum. Árið 2019 voru leikskólakennarar starfandi í 303,9 stöðugildum í leikskólum Reykjavíkur af 1535 stöðugildum. Leikskólastjórar eru ekki taldir með í stöðugildum leikskólakennara. Tölurnar miðast við október.

Samkvæmt lögum skulu 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara. Undir þetta fellur ekki stjórnun leikskólans, þ.e stöðugildi leikskólastjóra og stöðugildi í sérkennslu. Einnig eru starfsmenn í eldhúsi undanskildir. Samkvæmt þessari skilgreiningu myndi heildarlaunakostnaður Reykjavíkurborgar með launatengdum gjöldum hækka um 780.048.302 kr. á ári ef að 2/3 stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum væru mönnum leikskólakennurum. Þá er gengið út frá því 1/3 starfsmanna á leikskólum, skiptist í sömu hlutföllum og hann gerir nú. Miðað er við starfsmanna- og launatölur frá október 2019.

Meðalaldur leikskólakennara miðað við október 2019 var 51 ár.

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lagst í umfangsmiklar aðgerðir til að laða leikskólakennara að störfum í Reykjavík og bæta starfsumhverfi starfsfólk leikskóla. Þá hefur Reykjavíkurborg unnið með menntamálaráðuneytinu, sambandi sveitarfélaga, háskólum og Félagi leikskólakennara að eflingu og aukinni kynningu á kennaranámi. Þetta starf er nú þegar farið að skila árangri sem lýsir sér í fjölgun þeirra sem stunda leikskólakennaranám.

Fjöldi leikskólakennara 2017-2019

Tölur miðast við október	Leikskólastjórar	Leikskólakennarar með leyfisbréf	Uppeldismenntaðir starfsmenn	Starfsmenn með aðra háskóla-menntun	Aðrar starfsstéttir við kennslu og umönnun	Aðrar starfsstéttir (s.s mötuneyti og ræsting)	Alls	Hlutfall leikskólakennara	Hlutfall leikskólakennara og annarra uppeldismenntaðra
2019	62.2	303.9	226.6	150.9	708.8	82.8	1,535.2	25.2%	40.7%
2018	59.0	307.2	208.6	130.5	657.8	85.8	1,448.9	26.7%	41.8%
2017	57.5	324.2	219.5	115.6	625.9	90.3	1,433.0	28.4%	45.0%

Launakostnaður

Meðallaunakostnaður í leikskólum á ári:	7.798.040	*Leikskólastjórar teknir út og eldhús
Meðallaunakostnaður leikskólakennara á ári:	8.639.960	
Mismunur:	841.921	
Fjöldi stöðugilda	1.390	*Leikskólastjórar teknir út og eldhús
Áætlaður kostnaður miðað við eingöngu leikskólakennara:	1.170.189.472	
Áætlaður kostnaður miðað við 2/3 leikskólakennara:	780.048.302	

Forsendur

Samkvæmt lögum skulu 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara. Undir þetta fellur ekki stjórnun leikskólans, þ.e stöðugildi leikskólastjóra og stöðugildi í sérkennslu. Einnig eru starfsmenn í eldhúsi undanskildir. Samkvæmt þessari skilgreiningu myndi heildarlaunakostnaður

Reykjavíkurborgar með launatengdum gjöldum hækka um 780.048.302 kr. á ári ef að 2/3 stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum væru mönnuð leikskólakennurum. Þá er gengið út frá því 1/3 starfsmanna á leikskólum, skiptist í sömu hlutföllum og hann gerir nú. Miðað er við starfsmanna- og launatölur frá október 2019.

* Ný lög um ráðningar kennara við leikskóla tóku gildi þann 1. jan. sl. þar sem eitt leyfisbréf kennara er metið til jafns í leikskólum, grunnskólum og í framhaldsskólum. Með þeirri breytingu hefur hlutfall starfsmanna með leyfisbréf leikskólakennara hækkað enda eru nú starfandi í leikskólum grunnskólakennarar og framhaldsskólakennara sem fá leyfisbréf sitt metið innan leikskólans.